

# Leiðbeiningar

## með stöðluðu formi stofnanasamnings

Þegar gengið er frá ráðningarsamningi og sú leið er valin að semja um ráðningarkjör með vísan í staðlað form stofnanasamnings, sbr. gr. 11.5 í kjarasamningi aðila, er þannig staðið að málum:


Starfsmaður og forstöðumaður stofnunar nota staðlað form stofnanasamnings til að semja um grunnröðun starfs (gr.3), um hvert vægi persónubundinna þátta eigi að vera, s.s. vegna viðbótarmenntunar og fagreynslu (gr.4), og vægi tímabundinna þátta, s.s. fyrir sérstaka færni og árangur (gr.5). Þeir færa þá niðurstöðu inn á staðlaða formið og staðfesta með undirskrift sinni. Það verður þá fylgirit 1 með ráðningarsamningi. Að auki ganga aðilar frá launablaði og staðfesta með undirskrift sinni, sem verður fylgirit 2 með ráðningarsamningi. Á launablaði kemur m.a. fram samsetning launa og skýringar eftir atvikum á launaflokkum og launþrepum.

Minnt er á að þessi leið sem hér er lýst að ofan, felur ekki í sér að kominn sé á formlegur stofnanasamningur milli stéttarfélags og stofnunar, heldur stofnanasamningsígildi eða persónubundinn samningur starfsmanns og stofnunar en með vísan í hið staðlaða form.


Vilji starfsmaður og stofnun vinna áfram með samkomulagið þannig að það geti orðið að stofnanasamningi, þarf stéttarfélagið, Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga, að staðfesta samninginn með undirskrift sinni.

Reykjavík, 15. júní 2016

F.h. fjármála- og efnahagsráðherra

  
Jóna Miel Árnbergsdóttir

F.h. Kjarafélags viðskiptafræðinga  
og hagfræðinga

  
Karen Ósk Pétursdóttir